
Strandminjar á Reykjanesi: Átaksverkefni í fornleifaskráningu strandminja frá Garðskagavita að Reykjanestá



Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritstjóri)

Höfundar efnis: Lilja Laufey Davíðsdóttir og Stefán Ólafsson

*Forsíðumynd er af suðvesturhluta heimatúnsins á Stafnesi, horft er til norðurs úr Skiphólma.
Á myndinni sjást m.a. bæjarhólar Gosu, Sandhúsa og Garða. Myndina tók Ragnheiður Gló
Gylfadóttir.*

©2025

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BRÆÐRABORGARSTÍGUR 9

101 REYKJAVÍK

SÍMI: (+354) 5511033

NETFANG: fornleif@fornleif.is

www.fornleif.is

Samantekt

Skýrslan sem hér lítur dagsins ljós fjallar um strandminjar á Reykjanesi, frá Reykjanestá að Garðskaga. Verkið er unnið fyrir Minjastofnun Íslands sem fékk sérstaka fjárveitingu frá Alþingi til rannsókna á umfangi og ástandi strandminja á þremur svæðum á Íslandi árið 2016. Skráningarsvæðið sem fjallað er um í skýrslunni er strandlengja 36 lögbýla og þriggja þéttbýlisstaða (Hafna, Sandgerðis og Garðs) í þremur sveitarfélögum, Grindavík, Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ.

Úttektarsvæðið er alls um 60 km að lengd og 50 m á breidd. Alls voru skráðar 857 fornleifar á 738 minjastöðum í þessari skráningu. Flestar tengjast þær búsetu eða sjósókn enda er um helmingur skráningarsvæðisins í heimatúnum. Aðeins 1% af þeim fornleifum sem skráðar voru töldust ekki í hættu. Sláandi hlutfall minja, eða um 70%, reyndust í mikilli hættu og 22% í hættu. Þessi mikli fjöldi fornleifa í hættu endurspeglar þá náttúruvá sem ógnar minjum við strendur Reykjanes. Landbrot hefur þegar höggvið stórt skarð inn í ströndina, strandlínan er víða komin langt inn gömlu heimatúnin sem veldur því að gríðarlegur fjöldi minjastaða er í hættu enda fornleifar hvergi eins margar og í gömlum heimatúnum. Umfang minja innan úttektarsvæðis á Reykjanesi reyndist margfalt meira en gert var ráð fyrir í upphafi. Því dugði það fjármagn sem úthlutað hafði verið til skráningarinnar ekki til að ljúka verkinu. Sökum þessa þá lá vinnan niðri um nokkurra ára skeið en árið 2024 fékkst styrkur úr Fornminjasjóði til að ljúka verkinu.

Efnisorð: Strandminjar, fornleifaskráning, fornminjasjóður, minjar í hættu, náttúruvá, Reykjanes, Reykjanesbær, Suðurnesjabær, Grindavík

Summary

This report highlights the coastal heritage of Reykjanes, covering the region from Reykjanestá to Garðskagi. The project was conducted for the Cultural Heritage Agency of Iceland, which received special funding from Alþingi (the Icelandic Parliament) in 2016 to assess the extent and condition of coastal heritage in three areas of Iceland. The survey area detailed in this report spans the coastline of 36 farms and three urban areas (Hafnir, Sandgerði, and Garður) within three municipalities: Grindavík, Reykjanesbær, and Suðurnesjabær. The study area encompasses approximately 60 km of coastline, with a research zone extending about 50 meters inland.

During the survey, a total of 857 archaeological features were recorded across 738 sites. The majority of these sites were linked to farming or maritime activities, as roughly half of

the surveyed areas fell within homefields. Only 1% of the archaeological features were not considered at risk. A striking 70% of the sites were found to be at severe risk, while 22% were considered at risk. These findings underscore the threats posed by natural hazards to cultural heritage along the Reykjanes coastline. Coastal erosion has already significantly impacted the shoreline, often encroaching into old homefields, leading to the rapid loss of cultural heritage in the area. As the number of sites turned out to be far greater than anticipated, the funding initially allocated for the work proved insufficient, causing the project to come to a halt for several years. However, with renewed support from the Icelandic Archaeological Fund in 2024, the project was completed.

Keywords: Coastal heritage, archaeological survey, Icelandic heritage fund, Reykjanes, natural hazard

Efnisyfirlit

Hefti I:

1	Inngangur	7
2	Aðferðir	11
	2.1 Gagnaöflun	12
	2.2 Hættumat	13
	2.3 Framsetning minjastaða	14
3	Saga fornleifaskráningar og löggjöf	15
4	Niðurstöður	17
	Umræða	25
5	Heimildaskrá	27

Viðauki I:	Tafla yfir allar skráðar fornleifar	38
------------	-------------------------------------	----

Viðauki III:	Túnakort í Hafna- og Rosmshvalsneshreppi	92
--------------	--	----

Hefti II:

GK-032	Kalmanstjörn	117
GK-033	Junkæragerði	165
GK-034	Merkines	171
GK-035	Kirkjuvogur	184
GK-036	Kotvogur	206
GK-038	Litlu Garðhús (Réttarhús)	213
GK-621	Fornleifar á fl. en einni jörð	217

Viðauki IV:	Minjakort	222
-------------	-----------	-----

Hefti III

GK-040	Stafnes	247
GK-040b	Básendar	295
GK-041	Glaumbær	314
GK-043	Halakot (Hólakot)	315

GK-044	Hvalsnes	316
GK-045	Gerðakot	329
GK-047	Mosahús	334
GK-048	Nýlenda	335
GK-049	Busthús	336
GK-050	Lönd	338
GK-051	Másbúðir (Nesjar)	345
GK-052	Melaberg	358
GK-053	Fuglavík	359
GK-055	Bæjarsker	367
GK-056	Hólkot	380
GK-058	Norðurkot (Miðkot)	381
GK-060	Sandgerði	383
GK-067	Syðri Flankastaðir	389
GK-068	Nyðri Flánkastaðir	393
GK-070	Klöpp	396
GK-072	Þórustaðir/Þóroddstaðir	402
GK-073	Kirkjuból	407
GK-075	Fitjar	416
GK-076	Kolbeinstaðir	422
GK-077	Hafurbjarnarstaðir	424
GK-080	Útskálar	426
GK-631	Fornleifar á fl. en 1 jörð	429

Viðauki I: Minjakort 432




Skráningarsvæðið er afmarkað með bláum lit á loftmyndinni. Það lá eftir allri strandlengjunni á vestanverðu Reykjanesi, alls um 60 km. ©Loftmyndir ehf og Fornleifastofnun Íslands.

1 Inngangur

Landbrot við strendur landsins er víða alvarlegt vandamál og ljóst að fjöldi minja fer forgörðum ár hvert og enn meiri fjöldi liggur undir skemmdum af sömu sökum. Minjastofnun Íslands (hér eftir MÍ) fékk sérstaka fjárveitingu frá Alþingi árið 2016 sem nota skyldi til að leggja mat á umfang og ástand strandminja á þremur svæðum á Íslandi með ítarlegri fornleifaskráningu.¹ Fornleifastofnun Íslands (hér eftir FSÍ) tók að sér skráningu á einu svæðanna, frá Reykjanestá að Garðskaga á Reykjanesi.

Markmið skráningarinnar var að meta áhrif landbrots á minjar og mannvirki við vesturströnd Reykjaness og draga fram staði sem væru í hættu á svæðinu. Landsig er einna mest hérlandis á Reykjanesi og á árunum 2015-2020 var það t.d. um 4-8 cm ár hvert innan skráningarsvæðisins.² Á þessu stutta tímabili seig landið því um 20-40 cm innan skráningarsvæðisins sem er mikil lækkun. Strandlengjan er fyrir opnu hafi sem veldur því að þar mun gæta aukinna áhrifa landbrots og landsigs á næstu árum og áratugum ef spár um hækkandi sjávarstöðu og áhrif hnattrænnar hlýnunar ganga eftir.



Á kortinu má sjá greinilegt landsig á Reykjanesi, það er einna mest til suðvesturs. Landris er þó við Þorbjörn og tengist það eldsumbrotum á Reykjanesskaga. ©Landmælingar Íslands 2022

1 Ragnar Edvardsson, 2017a; Ragnar Edvardsson, 2017b

2 <https://www.lmi.is/is/um-lmi/frettayfirlit/landid-lyftist-sigur-og-faerist>

Vettvangsvinna var unnin vor og snemma sumars árið 2017. Skráningarsvæðið var alls tæplega 60 km að lengd og 50 m á breidd. Fyrir fram var ekki ljóst hversu margar minjar kynnu að reynast innan skráningarsvæðis og í útboðsgögnum var ekki gerð tilraun til að meta umfang að öðru leyti en því að fram kom að mögulega kynni úttekt á Reykjanesi að vera 20% umfangsmeiri en á hinum svæðunum tveimur.³ Gróf áætlun Fornleifastofnunar gerði ráð fyrir að minjarnar gætu leynst á bilinu 100-250 en heildarfjöldi endaði í 857 fornleifum á 738 minjastöðum og var því umfangið margfalt meira en áætlanir gerðu ráð fyrir. Áður en skráningin hófst var ljóst að landbrot á svæðinu ógnaði fornleifum en fáa óraði fyrir því hversu stórt skarð það hafði þegar höggvið í fornminjar og menningarlandslag á þessum slóðum. Strandlínan er víða komin langt inn gömlu heimatúnin sem veldur því að gríðarlegur fjöldi minjastaða er í hættu enda fornleifar hvergi eins margar og í gömlum heimatúnum.

Sökum gríðarlegs umfangs varð ljóst að það fjármagn sem áætlað hafði verið til verkefnisins dugði ekki til og lá því úrvinnsla verkefnisins niðri um nokkurra ára skeið. Árið 2024 fékkst hins vegar styrkur frá Fornminjasjóði til að halda áfram með og ljúka vinnu við úttektina. Er sjóðnum færðar þakkir fyrir sitt framlag til þessa mikilvæga verkefnis.

Skráningarsvæðið nær til strandlínu 36 lögbýla og innan þess eru að auki þrjú




Grýttar klappir voru víða við ströndina. Hér er horft yfir gamla lendinugu við Kirkjuhöfn en ljóst er að miklar breytingar hafa átt sér stað á svæðinu frá tímum útræðis á þessum slóðum á 17. öld eða fyrr.

3 Innan hinna svæðanna reyndust 67 og 79 fornleifar. Miðað við þennan fjölda hefði mátt ætla að fornleifar á Reykjanesi hefðu orðið 80-100 skv. þessum viðmiðum.

þéttbýli (Hafnir, Sandgerði og Garður) í þremur sveitarfélögum, Grindavík, Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ. Landslag og gróðurfar innan skráningarsvæðis var fjölbreytt, þar voru uppblásin hraun, eyðibýggðir, gróin heimatún og þéttbýli. Áður en gengið var um hverja landareign var rætt við landeigendur til að frá leyfi til að fara um svæðið og afla upplýsinga um hraða landbrots og fornleifar á svæðinu. Ábúendur og landeigendur tóku almennt mjög vel á móti skrásetjurum og fá þeir sérstakar þakkir fyrir góðar móttökur og hjálpsemi.

Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum Fornleifastofnunar Íslands en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf. Ragnheiður Gló Gylfadóttir, fornleifafræðingur, sá um verkstjórn og ritun skýrslu. Um vettvangsvinnu sáu Lilja Laufey Davíðsdóttir, Rangheiður Gló Gylfadóttir og Stefán Ólafsson fornleifafræðingar. Úrvinnsla og skýrslugerð fór fram með hjálp Brynju Árnadóttur og Evu Bryndísar Ágústdóttur. Vegna mikils umfangs skráningarinnar er skýrslunni skipt í þrjú hefti. Uppbygging á hefti I er með þeim hætti að á eftir inngangskafli er yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu. Í síðasta kaflanum er farið yfir niðurstöður úttektarinnar. Aftar eru viðaukar og loftmyndir. Í öðru heftinu er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um þær fornleifar sem skráðar voru innan úttektarsvæðis í Hafnahreppi. Í hefti III eru upplýsingar um skráðar fornleifar í Rosmshvalsnesshreppi.



Samtöl við landeigendur og heimildamenn geta bætt miklu við fyrirliggjandi þekkingu á skráningarsvæðum. Kortið er í eigu heimildamanna í Fuglavík, nærtækir hlutir voru notaðir til þess að myndataka heppnaðist sem best og allar upplýsingar skiluðu sér áfram til skrásetjara.

2 Aðferðir

Við skráninguna á Reykjanesi var áhersla lögð á vettvangsathugun og gengið skipulega eftir allri strandlengjunni. Aðferðafræðin við skráningu strandminjanna var nokkuð frábrugðin þeirri aðferðafræði sem vanalega er notuð við skráningu hjá FSÍ enda lagði MÍ til aðferðafræði sem nota skyldi við verkefnið.

Í skráningunni voru allar fornleifar sem voru innan við 50 metra frá mörkum stórstraumsflóðs (sjávarbakka) skráðar, ljósmyndaðar og mældar upp samkvæmt stöðlum MÍ frá 2013. Ástand þeirra var ennfremur metið með tilliti til sjávarrofs. Þar sem minjar fundust innan við 50 m frá sjó var getið um fjarlægð frá sjávarbakka í töflu 1 sem birtist í viðauka við skýrsluna (sjá viðauka I) og í þeim tilfellum var sjávarbakkinn mældur upp sem lína til að auðvelda eftirlit með landbroti á komandi árum. Þar sem sýnilegar minjar, eða aðrar vísbendingar um fornleifar, voru alveg frammi á sjávarbökkum var einnig gengið neðan bakkanna og kannað hvort mannvist, s.s. hleðslur, öskuhaugar væru greinileg í sniðinu. Í þeim tilfellum sem fornleifar reyndust í hólum og skerjum var af fremsta megni leitast við að skrá þær ef hægt var að ganga út í hólmana á fjöru. Hið sama var gert með skipsflök, þau voru skráð ef strandið var nærri landi og staðsetning þess gróflega þekkt. Samkvæmt fyrirmælum MÍ voru lýsingar á minjunum gerðar á staðlaðan hátt í gegnum notendaviðmót í GPS-tækjunum (eigindatöflur) og eru fremur einfaldar. Upplýsingar um minjaheildir skyldi fylla inn í forrit/app á vettvangi en sökum þess að netsamband var á köflum slæmt virkaði appið/spjaldtölvan ekki sem skildi og auk þess kláruðust rafhlöður fremur hratt vegna kulda og dugðu ekki út daginn. Það reyndist nauðsynlegt að aðlaga aðferðafræðina þeim aðstæðum sem skrásetjarar þurftu að vinna í.

Í skráningunni var skráningaraðilum gert að skilgreina þær minjaheildir sem viðkomandi fornleifar tilheyrðu ef um slíkt var að ræða, t.d. þar sem hópur fornleifa tilheyrði ákveðnu bæjarstæði eða verstöð. Að auki skyldi að gera grein fyrir huglægari þáttum m.a. gildi minjastaðarins og heildarásýnd. Ystu mörk minjaþyrpinga, utan skráningarsvæðis, skyldi skilgreina og mæla ásamt því að gera stutta samantekt um fjölda og ástand fornleifa innan hverrar minjaheildar. Undanskilin frá skilmálum um minjaheildir voru þéttbýli við sjávarsíðuna. Minjaheildir voru skráðar inn í viðeigandi gagnagrunn, sem var fenginn hjá MÍ. Minjastofnun lagði einnig til forrit/app fyrir farsíma/spjaldtölvu sem hægt var að nota á vettvangi í sama tilgangi.

Segja má að úrvinnslu skráningarinnar hafi skipst í þrá verkhluta. Í fyrsta lagi voru allar uppmælingar hreinteiknaðar og farið yfir eigindatöflur sem fylgdu uppmælingunum. Í öðru lagi var upplýsingum um minjaheildir skilað á stafrænu formi í þeim gagnagrunni/appi sem MÍ lagði til. Í þriðja lagi var gerð lokaskýrsla sem inniheldur hreinritaðar upplýsingar, sem safnað var um hverja fornleif líkt og í hefðbundinni fornleifaskráningu en einnig upplýsingar um minjaheildir þar sem fram koma þær upplýsingar sem ætlast er til að færðar hafi verið inn

í appið eða gagnagrunninn.

2.1 Gagnaöflun

Undirbúningur skráningarinnar var með hefðbundum hætti. Farið var í gegnum allar helstu heimildir, örnefnaskrár, fornbréfasafn, byggðasögurit, túnakort o.s.frv og með þeim hætti varpað ljósi á sögu og menningarlandslag þeirra jarða sem hér koma við sögu. Við undirbúning og heimildaöflun verkefnisins kom í ljós að mikill fjöldi fornleifaskráningarverkefna hafði verið unninn innan og í nágrenni úttektarsvæðisins síðustu þrjá áratugi. Elstu verkefnin voru frá því um 1996 en þau yngstu frá árinu 2017.⁴ Sem dæmi um þetta má nefna að aðalskráning fornleifa hafði verið unnin í Grindavík og Reykjanesbæ áður en skráningin hófst. Að auki hafði hluti Suðurnesjabæjar verið skráður í nokkrum aðskildum verkefnum. Stór hluti af eldri skráningaverkefnum var þó unnin áður en núgildandi staðlar tóku gildi og voru því ekki til uppmælingar nema í undantekningartilfellum. Í flestum tilfellum hafði heldur ekki verið lagt mat á ástand minja, rannsóknar- og varðveislugildi þeirra fyrr en í þessu skráningarverkefni. Eins og eðlilegt er voru gögnin sem safnað var í þessum eldri verkefnum misjöfn að gæðum en notast var við þau eftir fremasta megni. Á þeim ríflega tveimur áratugum sem verkefnin spanna hafa orðið gríðarlega miklar tækniþróunir og af þeim sökum voru ýmis aðferðafræðileg vandamál til staðar þegar kom að því að sameina og nýta eldri gögn. Helstu vandamálin við nýtingu gagnanna voru eftirfarandi:

Skekkja: Eldri gögn sem safnað var fyrir árið 2000 eru ónákvæm vegna kerfisbundinnar skekkju í GPS-kerfinu á þeim tíma. Algenzt var að skekkja á elstu hnitum væri allt að 20-50 m en nákvæmnin varð meiri (staðsetningin réttari) eftir því sem nær dró í tíma. Af þessum sökum er ómögulegt að staðsetja suma staðina sem skráðir voru á þeim tíma með vissu. Hnitin voru jafnframt tekin í nokkrum hnitakerfum (og notuð misjöfn vörpun) og í sumum tilvikum reyndist erfitt að samræma þau við undirbúning þessarar skráningar. Á vettvangi voru því allir staðir innan skráningarsvæðisins skráðir aftur.

Skortur á upplýsingum: Í elstu skráningarskýrslurnar vantaði stundum mikilvægar upplýsingar s.s. hnit, ljósmyndir, heimildir eða kort. Ekki var heildarhnitaskrá í öllum skýrslunum en slíkar skrár auk heimildaskrár veita mjög mikilvægar upplýsingar um á hvaða grunni skráning byggir. Það skiptir máli í fornleifaskráningu að geta staðsett sig í umhverfinu, bæði í nærumhverfi sínu sem og í víðara samhengi. Þetta á bæði við á vettvangi sem og í allri úrvinnslu. Þetta reyndist stundum erfitt í tilfellum eldri skráningar og því tengist sú staðreynd að loftmyndir voru almennt ekki tiltæk gögn fyrr en eftir 2001 og endanleg kortagögn í eldri skráningu voru að stórum hluta handgerð (hnitum ekki varpað inn á loftmyndir). Þrátt fyrir það geta vönduð handgerð kortagögn staðið fyrir sínu og ómetanlegt er að hafa kort og ljósmyndir í skýrslum.

4 Síðan þá hafa nokkur skráningarverkefni til viðbótar farið fram innan skráningarsvæðisins og var þeim gögnum bætt við eftir þörfum.

Skráningaraðferðir: Aðferðir við fornleifaskráningu hafa breyst mikið á síðastliðnum áratugum. Í upphafi var aðeins tekið eitt kennihnit fyrir hvern minjastað. Minjaþyrpingar voru skráðar saman undir einu númeri og á fjölmörgum stöðum var einungis tekið eitt hnit, t.d. í miðju svæðis, þrátt fyrir að þar væru fleiri fornleifar (t.d. tóftir, hleðslur eða garðlög). Með nýjum stöðlum í fornleifaskráningu er nú tekið hnit á hverri fornleif og henni gefið sérstakt númer. Í upphafi var eingöngu notast við einföld GPS tæki, en nú eru minjar mældar upp og landfræðileg gögn notuð í úrvinnslu. Við skráninguna á Reykjanesi gegndu fitjuskár lykilhlutverki og fór úrvinnsla að mestu fram í landfræðilegu upplýsingakerfi.

Númerakerfi: Í sumum tilfellum reyndist erfitt að ákvarða hvaða staðir höfðu verið heimsóttir oftast en einu sinni af ólíkum skráningaraðilum eða hvort um mismunandi staði væri að ræða. Ástæðan var m.a. að notuð voru mismunandi númerakerfi og skráningaraðferðir, auk þess sem áður nefnd skekkja á staðsetningarhnitum skipti líka máli. Í þessu verkefni var fylgt þeirri meginreglu að þar sem minjar höfðu verið skráðar oft, var fyrst og fremst horft til yngstu skráningarinnar, þ.e. í þeim tilvikum þegar hægt var að staðfesta að um sama stað væri að ræða.

Endurskoðun og gæði gagna: Nokkrum erfiðleikum var bundið að endurskoða og uppfæra minjalýsingar úr eldri skráningarverkefnum. Ástæðan var fyrst og fremst skortur á yfirsýn þar sem strandminjaskráningin miðað við afmarkað belti (50 m breitt) sem var einungis lítill hluti hvernar jarðar. Afmörkun eldri skráningarverkefna var önnur og stærstur hluti minja í þeim var oft utan skráningarsvæðis strandminja. Ennfremur kom í ljós að gæði eldri gagna voru afar misjöfn, t.d. kom það fyrir að sami túngarður væri skráður undir nokkrum mismunandi númerum innan sömu skráningar, bæir staðsettir á vitlausum stað og ekki reynt að ráða í tengsl brotakenndra minja líkt og garðlaga og leiða. Af þeim sökum má búast við að texti í fornleifaskrá strandminja sé stundum einfaldur og brotakenndur og mögulegt að villur geti leynst í tilvísunum þar sem skrásetjarar höfðu ekki þá yfirsýn sem er nauðsynleg er til að skapa heildarsýn yfir minjar á hverri jörðu. Að beiðni MÍ var enn fremur notast við eigingatöflur í GPS-tæki þegar kom lýsingu minjastaða. Þetta olli því að textinn er stikkorðakenndur og réði fjöldi stafabila einna mestu þar um. Full þörf er á ítarlegri endurskoðun á vettvangi á elstu hnitagögnum utan skráningarsvæðisins af þessum sökum. Samanlagt er niðurstaðan sú að eldri skráningargögn þyrftu umfangsmeiri uppfærslu og yfirlegu og af þeim sökum sé enn vinna eftir óunnin í fornleifaskránni sem hér fylgir.

2.2 Hættumat

Skráningin á Reykjanesi nær til minja við ströndina og almennt voru því minjastaðir í hættu. Við mat á þeirri hættu sem steðjaði að hverri fornleif var miðað við þá meginreglu að telja alla minjastaði við strandlínuna þar sem sjóvarnargarður voru í hættu. Þar sem engin sjóvarnargarður var við ströndina, töldust minjar í mikilli hættu. Í þeim tilfellum þar sem

fullvíst þótti að minjar væru með öllu horfnar var það metið sem gjöreyðing, það sem ekkert var þar eftir vegna landbrots. Þeir staðir töldust ekki í neinni hættu enda ekki til lengur.

Þrír þéttbýlisstaðir eru innan skráningarsvæðis (Hafnir, Sandgerði og Garður) en einnig mörg heimatún þar sem þétt var búið á fyrri öldum og landsvæði sem nú eru nýtt í margvíslegum tilgangi. Í mörgum tilfellum steðjar önnur hættu en landbrot að minjastöðunum, t.d. uppblástur eða framkvæmdir. Landbrot var hins vegar í flestum tilfellum talið bráðari ógn við minjastaðina og réði það því ákvörðun um hættumat.

2.3 Framsetning minjastaða

Í skýrslunni er framsetning minjastaðanna stöðluð. Í henni fá allar fornleifar hlaupandi verkefnanúmer samkvæmt númerakerfi Minjastofnunar Íslands. Verkefnanúmerið er 1850, fyrsta fornleifin sem var skráð fékk því númerið 1850-1. Í þessu númerakerfi tengist númer fornleifar ekki ákveðnu svæði eða lögbýli og númerin því ekki endilega í landfræðilegri röð eða tengslum, enda voru gjarnan tveir fornleifafræðingar við skráningu að hverju sinni, hvor með sitt sett af hlaupandi númerum. Auk verkefnanúmera Minjastofnunar sem er fremst í færslu um hverja fornleif, var hverri fornleif gefið númer í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands. Þar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins röð númera í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: GK-040:001). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist einingannúmer aftan við (dæmi: GK-040:001_01). Með þessum hætti raðast allar minjar innan sömu jarðar saman sem og fornleifar sem tilheyra einum og sama minjastaðnum. Þannig er auðveldara að halda yfirsýn yfir fornleifarnar og minjaheildir án þess að hafa minjakort, loftmyndir eða aðgang minjavefsjá við hendina. Fornleifaskráin hefur að geyma grunn upplýsinga um hvern stað en frekari upplýsingar um minjastaðina, s.s. hnit og fjarlægð frá strandlínu birtast í töflum í viðauka I og II.

3 Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bolum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjastaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum,

á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

Skýringar	
○ Skráðar fornleifar	■ Niðurgröftur
--- Hleðsla	■ Steypa
— Kantur	■ Torf
... Leið	■ Torf og grjót
— Niðurgröftur	■ Torf og steypa
— Rof	■ Vegur
— Steyptur kantur	□ Þúst
— Vegur	--- Rofbakki
— Öskuhaugur	■ Hús
□ Bæjarhóll	■ Rými
■ Grjót	□ Skráningarsvæði
■ Grjót og steypa	— Sjávarbakki

Allar uppmælingar sem gerðar voru í skráningunni eru skilgreindar m.t.t. byggingarefnis eða eðlis minjanna og eru skýringar á þeim sýndar í lista hér fyrir ofan. Þessa skýringar gilda fyrir öll minjakort og myndir af uppmældum minjum.

4 Niðurstöður

Strandminjaskráningin á Reykjanesi var gerð innan þriggja sveitarfélaga á vestanverðu Reykjanesi. Skráningin náði til 36 lögbýla og reyndust fornleifar innan úttektarsvæðis á 33 af þeim. Skráningin náði aðeins til lítils hluta af Grindavík (Staðarhreppur) og á því svæði reyndust ekki fornleifar. Fornleifarnar sem skráðar voru dreifast nokkuð jafnt yfir úttektarsvæðið, flestar eru þær þó innan eða nærri heimatúna lögbýla í Hafna- og Rosmshvalsneshreppi en að auki voru skráðar fornleifar sem teljast vera á fleiri en einni jörðu innan sömu hreppa.

Úttektarsvæðið við strandlengju Reykjaness er víða flatlent og fremur gróðursnautt. Það er fyrir opnu úthafi og þar er vindasamt og oft á tíðum töluverð úrkoma. Jarðvegur svæðisins er fremur þurr og víða sendinn. Uppblástur hefur sett mark sitt á gróðurfar á þessu svæði allt frá 13. öld⁵ og gróðurþekja er víða þunn. Um helmingur skráningarsvæðisins er innan heimatúna við strandlengjuna en landslag og landshættir innan þess eru þó fjölbreytilegir. Í gegnum aldirnar þróaðist þéttasta byggðin í hreppunum meðfram ströndinni og samanstanda heimatúnin víða af s.k. hverfum, þ.e. einu eða fleiri stórbýli og fjölda smærri býla og þurrabúða sem víða raðast í eins konar kraga umhverfis höfðubýlin, innan heimatúns. Ekki er ljóst hvenær hjáleigu- og þurrabúðabyggð tekur að þéttast að ráði innan úttektarsvæðisins en færð hafa verið rök fyrir því að svipuð byggð annars staðar á Reykjanesskaga kunni að eiga rætur sínar allt aftur á 12.-13. öld.⁶ Stafnestorfan er gott dæmi um byggðarmynstur á



Gamall bátur undir túngarði Stafnesshverfis ber sögu og útræði svæðisins vitni.

5 Jón Þ. Þór, 1998

6 Jón Þ. Þór, 64

svæðinu, en innan hennar eru þekkt a.m.k. 24 býli. Sum þeirra voru orðin að lögbýlum árið 1847 og einhver sennilega löngu fyrr. Svipaða sögu má segja um Hvalsnes, þar sem heimildir eru um a.m.k. tíu býli og á Bæjarskeri eru þau að lágmarki 15 talsins. Staðsetning margra þessara býla er nú óþekkt og líklega eru mörg þeirra horfin í sjó. Þessi mikli fjöldi býla tengist sjósókn en á öllum ofangreindum jörðum var mikið útræði í gegnum aldirnar og þar voru sumar af helstu verstöðvum landsins. Meðfram ströndinni hefur því líklega snemma myndast þéttbýli (a.m.k. á íslenskan mælikvarða) og íbúar reitt sig á sjósókn samhliða skepnuhaldi.

Alls voru skráðar 857 fornleifar á 738 minjastöðum skráninguni. Hlutverk þeirra var nokkuð fjölbreytt en af heildarfjölda voru einungis 49 fornleifar (5%) með óþekkt hlutverk, sem verður að teljast óvenjulega lágt hlutfall. Þegar skoðaðar eru þær fornleifar sem eru með þekkt hlutverk má sjá að algengastar eru útihús (105 talsins), 49 túngarðar, 33 brunnar, 31 bæjarhóll, 26 híbýli og 23 bæjarstæði. Samgöngur á sjó og landi eru líka áberandi, alls var skráð 61 lending, 57 samgöngubætur, 46 leiðir og fjórir vitar. Það vekur ennfremur athygli að sex kirkjur og einn kumlateigur eru innan skráningarsvæðis. Ennfremur eru minjar tengdar verslun áberandi en stór hluti þeirra er á Básendum. Þó voru skráðir staðir sem tengjast konungsversluninni á 17. öld og aðrir sem tengjast Hansakaupmönnum. Verslunarminjarnar eru fjölbreyttar, allt frá því að vera byggingar, festarstólpar, skipalægi, áletranir og bryggjur.


Á svæðinu var um aldir mikil áhersla á sjósókn og hana má t.d. merkja þegar örnefnaskrár svæðisins eru skoðaðar. Algengt er að tóftir beri ekki nöfn og fremur fá örnefni virðast sem tengjast landbúnaði eru innan jarðanna. Hins vegar eru flest sker og hólmar með nöfn. Það er þó ljóst að töluvert þekkingarrof er á örnefnum í Hafnahreppi, ekki síst í landi

Hlutverk	Fjöldi	Hlutverk	Fjöldi	Hlutverk	Fjöldi	Hlutverk	Fjöldi
baðstofa	1	gerði	3	leið	46	traðir	5
beðaslétta	3	gripir	1	lending	61	tröll	2
beitarhús	1	herslubyrgi	3	matjurtagarður	53	túngarður	49
bólverk	2	herslugarður	3	naust	13	uppsátur	11
brunnur	33	hesthús	2	nátthagi	1	útihús	105
brú	3	heygarður	1	óþekkt	49	varnargarður	14
bryggja	5	híbýli	26	rétt	22	vatnsból	3
bræðsluhús	1	hjallur	7	samgöngubót	57	verbúð	11
bæjarhóll	31	hlaða	1	sel	3	verkhús	14
bæjarstæði	23	huldufólks- bústaður	2	sjóbúð	8	verslunarhús	4
draugur	3	hundaskýli	1	skemma	9	verslunarstaður	3
dys	3	kennimark	9	skip	29	viti	4
ferja	2	kirkja	6	skipalægi	2	vörslugarður	12
festarstólpi	5	kirkjugarður	4	skotbyrgi	9	þró	17
fiskreitir	3	kumlateigur	1	skrímsli	1	þvottastaður	2
fjárborg	1	lambhús	1	spil	1	öskuhaugur	6
fjárhús	6	landamerki	27	stekkur	7		
fjós	1			tjaldstæði	1		

Kirkju- og Sandhafnar enda fer svæðið að líkindum í eyði á strax á 16.-17. öld. Þegar taflan á bls. 18 er skoðuð sést að skepnuhús eru óvenjulágt hlutfall af skráðum minjum. Útihús (án nákvæmara hlutverks) eru algengust eða 105 talsins en aðeins eru sex fjárhús, tvö hesthús og eitt beitarhús innan skráningarvæðisins. Aðrar minjar sem líklega tengjast landbúnaði eru t.d. réttir og gerði en samtals voru skráð 25 slík mannvirki. Búast má við að hlutfall landbúnaðarminja væri töluvert hærra ef skráningarsvæðið hefði náð lengra inni í landið.

Alls eru 48 friðlýstar fornleifar innan skráningarsvæðisins og tilheyra þær allar verslunarstaðnum á Básendum. Við þessa skráningu bættust m.a. við bólverk, festarstólpar og lendingar á Básendum sem ekki var getið í fyrri skráningum. Ljóst er að minjar á Básendum liggja undir skemmdum vegna mikils ágangs sjávar. Þegar eldri skráning (frá árinu 2000⁷) er borin saman við niðurstöður þeirrar strandminjaskráningar sem hér lítur dagsins ljós sést að minjar hafa þegar horfið á tímabilinu og aðrar látið mikið á sjá.


Eðli strandminjaskráningar á Reykjanesi var frábrugðin sambærilegri skráningu víða annars staðar að einu leyti. Þar sem hið gríðarlega mikla landbrot á svæðinu hefur víðast þegar löngu brotið hina gömlu strandlínu, étið sig inn landið og langt inn í heimatún jarða, hverfist skráningin ekki í kringum stakar minjar í úthögum eða á sjávarbökkum heldur um minjar í heimatúnum. Minjadreifing er hvergi eins þétt og í gömlu heimatúnum og endurspegladist það



Verslunarstaðurinn Básendar, horft er yfir svæðið til norðvesturs. Þær minjar sem eru þarna enn liggja undir miklum skemmdum ár hvert.

í hinum gríðarlega fjölda minja sem var undir í skráningunni. Vegna hins mikla minjafjölda varð einn verkþáttur skráningarinnar, þ.e. lýsing á minjaheildum óframkvæmanlegur. Í upphafi vettvangsvinnunnar var lögð mikil áhersla á minjaheildir en fljótlega var horfið frá þeirri aðferðafræði. Þar sem um helmingur skráningarsvæðisins var innan heimatúna var sjórinn oft kominn að eða jafnvel búinn að gleypa í sig gamla bæjarhóla, býli og verbúðir. Því reyndist ómögulegt að ætla að flokka minjar innan stórra og gríðarlega þéttra minjasvæða upp í heildir. Í raun hefði slík flokkun án víðara samhengis (svæðisins utan 50 m markanna) verið marklaus. Hefði verið gerð tilraun til að taka með stærri minjaheildir (sem náðu út fyrir mörk úttektarsvæðis) hefði minjafjöldinn hlaupið á þúsundum fornleifa til viðbótar og slíkt hefði verið langt fyrir utan ramma þessa verkefnis.


Eftir vettvangsrannsókn og samtöl við landeigendur er ljóst að landbrot er gríðarmikið á vestanverðu Reykjanesi og við það bætist að landsig hérlandis er hvergi meira en einmitt á þessum slóðum.⁸ Frá miðri 20. öld hafa tugir metra lands horfið í landbrot vegna þessa, m.a. norðan við Sandgerði. Skrásetjarar sáu víða stórar jarðvegstorfur sem brotnað höfðu frá landi og víða var greinileg mannvist í rofbökkum. Bylgjuhreyfing, eða öldur, sjávar er afkastamest sjávaraflanna við rof. Áhrifanna gætir einkum á grunnsævi með ströndum fram. Einna mestu spjöllin verða þegar djúpar lægðir ganga yfir í stórstraumi en þá hækkar sjávarborð um 1cm fyrir hvert millibar sem þrýstingur lækkar. Mikið tjón getur þá orðið á skömmum tíma eins og



Frá árinu 2017 hafa um 5m horfið af vesturhluta bæjarhóls jarðarinnar Fitja, norðan við Sandgerði. Landbrotið sést hér með grænum línunum, sú sem er nær sjó var mæld upp árið 2017 en sú sem er hægra megin og nær landi var mæld árið 2024. Ennfremur má gera ráð fyrir að land hafi lækkað á bilinu 28-56 cm frá árinu 2017.

gerðist í janúar 1799, í Básendaflóðinu sem er eitt mesta flóð sem um getur hérlandis. Þá gekk ofsaveður af suðvestri yfir landið á stórstraumi og eyddi m.a. verslunarstaðnum Básendum og olli tjóni víðsvegar á Suður- og Vesturlandi.⁹

Á síðustu áratugum hafa sjóvarnargarðar verið reistir á nokkrum svæðum meðfram ströndinni, og hafa þéttbýlin og hluti af heimatúnum jarða í byggð verið forgangsraðað í þeim efnum.¹⁰ Enn eru þó stór svæði án sjóvarnargarða og má þar nefna jarðir þar sem ekki er búið og svæði fjærst bæjarhúsum í byggð og eru umrædd svæði því í hvað mestri hættu vegna ágangs sjávar.



Á þessum myndum sést líttill hluti af heimatúni Fitja. Myndin til vinstri er tekin árið 1954 og sú til hægri árið 2023. Á eldri myndinni sést að sandfjaran náði lengra út og klappir í fjörunni eru nú berar. Á þessum 70 árum hafa um 30-50m horfið af vesturhluta heimatúnsins, landbrotið er því á bilinu 0,5-1,2 m á ári hverju og frá upphafi síðustu aldar má gera ráð fyrir að sumsstaðar hafi yfir 100 m af föstu landi horfið í landbrot. ©FSÍ og Loftmyndir ehf


Á flestum jarðanna sem skráðar voru nær heimatúnið að sjó. Á sumum þeirra voru gamlir tún- og sjóvarnargarðar sem vörðu ströndina en þeir eru víða horfnir í landbrot. Greinilegt er að landbrot hefur verið mikil ógn á svæðinu um langt skeið. Á flestum túnakortanna sem gerð voru á svæðinu 1918-1919 er getið um tjón af völdum sjávar sem og minjar sem eru horfnar vegna landbrots. Staðsetning horfinna minja er enn fremur sýnd í einhverjum tilvikum. Á túnakorti Merkiness stendur t.d.: „Hér var sjógarðurinn“ og inn á túnakort Landa hefur verið

9 Þorleifur Einarsson, 174-175; Lýður Björnsson, 5, 9.

10 Ábúandi á Stafnesi hefur myndað nokkra minjastaði á jörðinni reglulega síðustu áratugi og gaf skrásetjara afrit af nokkrum þeirra. Þar sést áþreifanlega hin gríðarlega eyðilegging sjávarrofs á minjar.



Á myndinni sést hluti af túnakorti Merkiness, upprétt á loftmynd. Á túnakortinu stendur “Hér var sjógarðurinn” og eldri lega er sýnd með punktum. Túngarðurinn árið 1918 er sýndur með heilli svarti línu og er nú horfinn í landbrot á þessu svæði.



Gömlu-Lönd eru sýnd á túnakorti Nesja frá 1919 sem er upprétt á loftmynd. Þar segir “sjór brýtur og flæðir á bakkanum” og skemmdirnar eru teiknaðar upp með hlykkjóttri línu. Nordan bæjarins stendur enn fremur “Brunnur horfinn. Garðlag í fjöru”.

ritað: „Máshaugur var hér. Landfastur fyrir 40 árum. Nú sjólón.“ Líklega hefur hluti af flestum heimatúnunum á skráningarsvæðinu orðið fyrir einhverjum skaða vegna ágangs sjávar og hluti allra túnanna og minja innan þeirra er þegar horfinn í sjó.


Um 70% fornleifanna innan skráningarsvæðis töldust í mikilli hættu. Það einstæður fjöldi minja og endurspeglar þá miklu náttúruvá sem ógnar svæðinu. Talsverður fjöldi minja er án efa þegar horfinn í sjó og af þeim minjum sem enn sjást er hluti skemmdur eða liggur undir skemmdum. Dæmi um merka minjastaði sem eru óðum að hverfa í landbrot eru t.d. Sandhöfn, Kirkjuhöfn, Másbúðir auk nokkurra býla við Stafnes, Nesjar og Lönd. Á öllum þessum stöðum eru þetta að öllum líkindum elstu minjarnar við sjávarsíðuna sem eru að hverfa,




Á myndinni er vörslugarður syðst á myndinni auk annarra minja s.s. rétta og gerða. Garðurinn afmarkaði mun stærra svæði umhverfis bæina Kirkjuhöfn, Litlu- og Stóru-Sandhöfn. Hér er sjór kominn nærri bæjahólunum og frá árinu 1996 hafa minjar horfið. Hér erum við að glata búsetulandslagi frá 16. og 17. öld, bæði vegna landbrots og uppblásturs.

mannvirki voru færð fjær ströndinni eftir því sem landbrot gróf sig inn í landið og heimatúnin. Uppblástur ógnar einnig nokkrum stöðum, ekki síst á suðurhluta skráningarsvæðisins sem er komið í eyði að mestu. Um 8% þekktra fornleifa eru þegar gjöreyddar vegna ágangs sjávar. Ljóst er að fjöldi þessara horfnu staða er í raun miklu hærri en þessar tölur gefa til kynna, en aðeins voru skráðir staðir sem heimildir geta um. Vísbendingar um slíka staði fundust vísbendingar t.d. á kortum, í örnefnum og frá heimildamönnum en líklegt má teljast að hátt hlutfall staða hafi horfið í landbrot án þess að tilvist þeirra hafi nokkurn tíma verið skjalfest í heimildum.

Samtals voru um 22% staðanna í hættu. Ástæða þess að umræddir staðir töldust ekki í mikilli hættu var, nánast í öllum tilvikum, tilkoma sjóvarnargarða. Landbrot og eða gerð sjóvarnargarða hefur þó raskað hluta þessara staða. Einungis 1% minjastaðanna taldist ekki vera í neinni hættu en þeir stóðu allir töluvert herra í landinu, t.d. uppi á klettum eða voru



Hættumat þeirra fornleifa sem skráðar voru í þessu verkefni.




Hættuorsök þeirra fornleifa sem skráðar voru í þessu verkefni.

skammt utan skráningarsvæðisins.¹¹

Þegar skoðað er hættumat fyrir allar skráðar fornleifar kemur í ljós að flestar þeirra eru í hættu vegna landbrots, en sú var raunin í 77% tilvika. Aðrar hættuorsakir eru jarðrækt, uppblástur og byggð. Þar sem fleiri en ein ógn steðjaði að minjastað var landbrot var þó oftast talið vega þyngra en önnur hættu.

Samanlagt var um 35% minjastaðanna á svæðinu horfnir af yfirborði, í langflestum tilvikum vegna landbrots. Aðrar ástæður eru í flestum tilvikum jarðrækt og ýmis konar framkvæmdir. Ekki var hægt að meta ástand um 5% fornleifanna, oftast vegna þess að ekki var hægt að komast að þeim, t.d. þar sem minjar voru í hólum eða þar sem um skipsflök í sjó var að ræða.

Umræða



Ástand þeirra fornleifa sem skráðar voru í þessu verkefni.

¹¹ Í upphafi skráningarinnar var reynt eftir fremsta megni að skrá minjaheildir og af þeim sökum staði utan skráningarsvæðis.

Hinn gríðarlegi fjöldi minja sem skráður var innan 50 m beltis á 60 km svæði á Reykjanesi hlýtur að teljast einsdæmi hér á landi. Samtals voru skráðar 857 fornleifar innan marka 36 jarða. Á svæðinu má enn sjá bæjarhóla á hólum, ummerki um verbúðir á skerjum og áletranir á klöppum og steinum. Í gegnum minjarnar má lesa sláandi sögu íbúa svæðisins til að glíma við fjölmörg vandamál tengd landbroti og ágangi sjávar. Þegar sjórinn rauf götur við ströndina voru þær m.a. brúaðar með hleðslum og steinum, sundvörður voru færðar lengra inn í land til að auka öryggi á sjó, garðar sem áður þjónuðu sem túngarðar fengu nýtt hlutverk sem sjóvarnargarðar og bæjarstæði voru flutt inn í landið til að halda jörðum í byggð. Þrátt fyrir það fór óhjákvæmilega svo að margir bæir og býli lögðust í eyði vegna landbrots, ekki síst vegna túnleysis.

Ef ekkert verður að gert, mun stór hluti þessara minja við strendur Reykjanes hverfa á komandi árum og áratugum og með þeim upplýsingar um sögu svæðisins, bæði saga daglegs lífs, búskapar og útræðis en einnig brot af annars konar sögu þjóðar, s.s. sögu verslunar og kirkju.

Ljóst að gríðarlegur fjöldi minja hefur þegar horfið vegna landbrots á vestanverðu Reykjanesi. Greinilegt er að sjóvarnargarðar hjálpa sumstaðar en ekki verður lagt mat á það hér hvort það sé raunhæft að þeir séu gerðir alls staðar á svæðinu. Það er ljóst að tíminn vinnur ekki með minjunum, tjónið er gríðarlegt á ári hverju. Því er það afar mikilvægt að gerðar verði áætlanir um eftirlit með eyðingu minjanna, ítarlegri skráningu á víðara svæði og tillögur um hvernig hægt sé að safna og varðveita upplýsingar um minjastaði sem líklegt er að hverfi í sjó á næstu árum eða áratugum. Slíkar rannsóknir gætu falið í sér greiningu á rofi og sniðum, borkjarnasýnatöku, drónamyndatöku, könnunarskurði eða uppgrefti.

5 Heimildaskrá

- Adolf Friðriksson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Kristborg Þórsdóttir. 2010. *Fornleifaskráning í Sveitarfélaginu Garði II – Fornleifar frá Gufuskálum að Keflavík*. FS445-08012. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Adolf Friðriksson, Guðrún Alda Gísladóttir og Uggi Ævarsson. 2005. *Fornleifakönnun að Útskálum, Garði*. FS282-05101. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Agnes Stefánsdóttir. 2008. *Umhverfi Reykjanesvirkjunar: Fornleifaskráning*. [Án útgáfustaðar]: Fornleifavernd ríkisins.
- Agnes Stefánsdóttir. 1999. *Staður í Grindavík*. [Án útgáfustaðar]: Þjóðminjasafn Íslands.
- AM 263 fol: *Máldagabók*, 1598. Arnamagnæanske samling, Kaupmannahöfn og Reykjavík.
- Andrés Þorleifsson. 2008. „Akkeri 127 ára draugaskips á land í Sandgerði.“ *Morgunblaðið*, 26.06.2008.
- Annálar: *Annálar 1400-1800. Annales islandici posteriorum sæculorum*. I-VIII. bindi. 1922-1987. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- AS Staður: Agnes Stefánsdóttir. 1999. *Staður í Grindavík: Fornleifaskráning*. [Án útgáfustaðar]: Þjóðminjasafn Íslands.
- ÁFÍ 1984: Gísli Brynjólfsson. 1984. „Byggðir Suðurnesja.“ *Árbók Ferðafélags Íslands 1984*, bls. 9-50.
- ÁFÍ 1984: Jón Jónsson. 1984. „Um heiðar og hraun.“ *Árbók Ferðafélags Íslands 1984*, bls. 51-112.
- ÁFÍ 1977: Kristján Eldjárn. 1977. „Skagagarður – fornmannaverk.“ *Árbók Ferðafélags Íslands 1977*, bls. 107-119.
- Ágústa Edwald, Ásta Hermannsdóttir, Birna Lárusdóttir Eva Kristín Dal og Jóhann Gunnarsson. 2008. *Fornleifaskráning í Sveitarfélaginu Garði I – Fornleifar frá Rafnkelsstöðum að Útskálum (auk hjáleigna)*. FS404-08011. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- ÁM Chorographica: Árni Magnússon. 1954. „Chorographica Islandica.“ Í *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju*. 2 flokkur. 2. hefti. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, bls. 1-120.
- Árbók 1903: Brynjúlfur Jónsson. 1903. „Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, bls. 31-52.
- Árbók 1908: Brynjúlfur Jónsson. 1908. „Nýfundinn rúnasteinn á Hvalsnesi.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 18, bls. 48-52.
- Árbók 1929: 1929. „Bréfaviðskifti Jóns Sigurðssonar forseta og Sigurðar Guðmundssonar málara 1861-1874.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 42, bls. 34-98.
- Árbók 1937-39: Ólafur Lárusson. 1937-39. „Kirkjuból.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 46, bls. 19-56.
- Árbók 1943-48a: Kristján Eldjárn. 1943-48. „Kumlateigur á Hafurbjarnarstöðum.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 49, bls. 108-122.
- Árbók 1943-48b: Jón Steffensen. 1943-48. „Mannabein úr kumlateignum á Hafurbjarnarstöðum.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 49, bls. 123-128.
- Árbók 1971a: Einar Bjarnason. 1971. „Rúnasteinar og mannfræði.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 68, bls. 46-73.
- Árbók 1971b: Þór Magnússon. 1971. „Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1970.“ *Árbók Hins*

- íslenska fornleifafélags 68, bls. 137-150.
- Árbók 1972: Þór Magnússon. 1972. „Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1971.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 69, bls. 161-177.
- Árbók 1973: Þór Magnússon. 1973. „Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1972.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 70, bls. 145-161.
- Árbók 2002-2003: Garðar Guðmundsson, Mjöll Snæsdóttir, Ian Simpson, Margrét Hallsdóttir, Magnús Á. Sigurgeirsson og Kolbeinn Árnason. 2004. „Fornir akrar á Íslandi“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 97, bls. 79-106.
- Árbók Suðurnesja 1984-1985: Ólafur Ásgeirsson. 1986. „og hér til gef ég þér jörðina er Hvalsnes heitir....“ Um jarðeigendur á Suðurnesjum á miðöldum.“ *Árbók Suðurnesja 1984-1985*, bls. 23-54.
- Árbók Suðurnesja 1995: Guðfinna M. Hreiðardóttir. 1995. „Dagbók Brynjólfs Magnússonar prests að Stað í Grindavík 1910-1915.“ *Árbók Suðurnesja* 8, bls. 5-58.
- Ásgeir Ásgeirsson. 1998 *Við opið haf: Sjávarbyggð á Miðnesi 1886-1907*. Sandgerði: Sandgerðisbær.
- Bjarni F. Einarsson. 2002. *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum 220 kV háspennulínu: Reykjanes – Svartsengi*. [Án útgáfustaðar]: Fornleifafræðistofan.
- Bjarni F. Einarsson. 2003. *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs Suðurstrandarvegar frá Þorlákshöfn að Grindavík og náma tengd honum*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.
- Bjarni F. Einarsson. 2004. *Fornleifaskráning vegna vegagerðar við Hafnir í Reykjanesbæ*. [Án útgáfustaðar]: Fornleifafræðistofan.
- Bjarni F. Einarsson. 2015. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á hluta Reykjaness í Reykjanesbæ*. [Án útgáfustaðar]: Fornleifafræðistofan.
- Bjarni F. Einarsson. 2020. *Fornleifaskráning í landi Kalmanstjarnar í Reykjanesbæ vegna deiliskipulags*. [Án útgáfustaðar]: Fornleifafræðistofan.
- Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir. 2008. *Fornleifaskrá Reykjanesbæjar*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.
- Björn Lárusson. 1967. *The old Icelandic land registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lundur: Lund University.
- Bisk:** *Biskupa sögur*. I.-II. bindi. 1858. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Blanda II:** Hannes Þorsteinsson. 1921-1923. „Um rekamörk og örnefni á Reykjanesi. Eptir Þorkel Jónsson í Njarðvík 1704.“ *Blanda: fróðleikur gamall og nýr II*, bls. 48-50.
- Blanda III:** Vigfús Guðmundsson. 1924-1927. „Básendar við Faxaflóa.“ *Blanda: fróðleikur gamall og nýr III*, bls. 46-68.
- Bréf frá Bjarna F. Einarssyni. 1997. *Greinargerð um forskráningu fornleifa í landi Staðsnes*. Reykjavík.
- Bréf frá Margréti Hallmundsdóttur. *Minnisblað vegna fornleifakönnunar við Reykjanesvirkjun*. Náttúrustofnun Vestfjarða, 8.7.2011.
- DI:** *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenskt fornbréfasafn*. I.-XV. bindi. 1857-1972. Kaupmannahöfn/Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Fasteignamat Gullbringusýslu 1916-1918:** *Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Gullbringusýslu*. 1916. Reykjavík: Stjórnarráð Íslands. Sótt á: jardavefur.skjalasafn.is
- FEB:** *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757*. 1943. Haraldur Sigurðsson og Helgi Hálfðánarson. Reykjavík, [án útgefanda].

- FF I:** *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*. I bindi. 1983. Sveinbjörn Rafnsson (ritstjóri). Reykjavík: Örn og Örlygur.
- Friðlýsingaskrá:** Ágúst Ó. Georgsson. 1990. *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornminjar*. Reykjavík: Fornleifanefnd.
- Friðþór Eydal. 2007. *Frá heimsstyrjöld til hverndar: Keflavíkurstöðin 1942-1951*. Reykjavík: Bláskeggur.
- GB Mannfólk:** Gísli Brynjólfsson. 1975. *Mannfólk mikilla sæva: Staðhverfingabók*. Reykjavík: Örn og Örlygur.
- GE Frá Valahnúk:** Guðsteinn Einarsson. 1960. „Frá Valahnúk til Seljabótar.“ Í *Frá Suðurnesjum: Frásagnir frá liðinni tíð*. Reykjavík: Félag Suðurnesjamanna í Reykjavík, bls. 9-55.
- Gísli Viggósson, Jónas Eliasson og Sigurður Sigurðarson. 2016. *Ákvörðun á flóðhæð í Básendaflóði - áfangaskýrsla*. Reykjavík: Vegagerðin.
- Guðmundur Ólafsson og Sigurður Bergsteinsson. 1996. *Fornleifakönnun á framkvæmdasvæði fyrir magnesíumverksmiðju 2.-3. nóvember*. 1996/2008. Reykjavík: Fornleifadeild Þjóðminjasafns Íslands,.
- Gunnar M. Magnússon. 1963. *Undir Garðskagavita*. Reykjavík: Ægisútgefán.
- Gylfi Helgason og Lilja Laufey Davíðsdóttir. 2021. *Deiliskráning fornleifa við Reykjanesvirkjun*. FS860-21431. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Hafnir á Reykjanesi:** Jón Þ. Þór. 2003. *Hafnir á Reykjanesi: Saga byggðar og mannlífs í ellefu hundruð ár*. Reykjanesbær: Reykjanesbær.
- Heiðrún Þórðardóttir. 2016. *Vogur í Höfnum og Vikingaheimar: Frá fornleifarannsóknunum í sýningarmiðlun*. Meistararitgerð, Háskóli Íslands.
- Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. 1998. *Fornleifakönnun á Reykjanesi*. FS060-98201. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- IA:** *Islandske Annaler indtil 1578*. 1888. Christiania: Norsk historisk kildeskriftfond.
- ÍF:** *Íslensk fornrit*. I-XVII. bindi. 1935-2002. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Íslenskar hafnir:** Kristján Sveinsson. 2009. *Íslenskar hafnir og hafnagerð*. Kópavogi: Siglingastofnun.
- Jarðabréf:** *Jarðabréf frá 16. og 17. öld: Útdráttir*. 1993. Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.
- JÁM III:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla*. III. bindi. 1923-24. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.
